




ÍSLENSK **VELFERÐ** Í FREMSTU RÖÐ



2007

ÁRIÐ Í HNOTSKURN



LISTASAFN ASÍ

Listasafnið var stofnað árið 1961 þegar iðnrekandinn og bókaútgefandinn Ragnar Jónsson í Smára gaf Alpýðu-sambandinu listaverkasafn sitt, um 120 myndir. Þannig lagði hann grundvöllinn að listasafninu en myndirnar eru flestar eftir þekktustu myndlistarmenn þjóðarinnar. Það var ósk Ragnars að stofnað yrði alpýðulistasafn sem kæmi listinni á framfæri til vinnandi fólks í landinu.

Listasafn ASÍ keypti árið 1996 Ásmundarsal við Freyjugötu 41 þar sem safnið er til húsa. Húsið er eitt af fyrstu íslensku funkishúsum, byggt á árunum 1933-35 og var annað í röðinni af sérhönnuðum listamannahúsum í þeim stíl. Með því að kaupa húsið, gera það upp og nýta í þágu myndlistar, er Listasafn ASÍ að standa vörð um menningarverðmæti og gera þessa merku byggingu aðgengilega fyrir almenning. Fjöl margar sýningar eru haldnar á ári hverju í Listasafni ASÍ, bæði á eigin verkum í Arinstofunni og með láni á Ásmundarsal og Gryfjunni til myndlistamanna. Við val á sýnendum er það stefna Listasafnsins að velja inn breitt þversnið af íslenskrri myndlist og hönnun áhugaverðra og framsækinna listamanna.

Listasafn ASÍ hefur lagt metnað sinn í að koma myndlist út til fólksins á svokölluðum vinnustaðasýningum, sem nú eru á um 50 vinnustöðum. Vinnandi fólk um allt land nýtur þess að hafa fyrir augum listaverk safnsins í dagsins önn. Þetta er áhrifarík leið til að ná til fólks sem að jafnaði sækir ekki listsýningar. Þessi starfsemi hefur mælst afar vel fyrir og orðið til þess að efla áhuga almennings á íslenskrri myndlist. Vilji er fyrir hendi til að auka þessa starfsemi enn frekar og þá sérstaklega að efla þjónustu við landsbyggðina.

Listasafn ASÍ er opið alla daga, nema mánudaga frá kl. 13 til 17. Aðgangur er ókeypis.



STEFNUMÓTUN ASÍ Í MENNTAMÁLUM

Menntun er einn mikilvægasti málaflokkurinn í starfi verkalyðshreyfingarinnar, vegna þess að góð grunnmenntun og símenntun eru lykillinn að framtíðinni fyrir einstaklingana, atvinnulífið og samfélagið allt.

Mikilvægur árangur hefur náðst á sviði menntunar á síðustu misserum og árum. Nægir þar að nefna aukna fjármuni og eflingu fræðslusjóða og menntastofnana á vegum stéttarfélaganna og samstarfsaðila þeirra og símenntamiðstöðva. Þá hefur náms- og starfsráðgjöf fyrir fólk á vinnumarkaði verið eflað, nám sem framangreindar menntastofnanir bjóða upp á hefur verið viðurkennt formlega og hafin er þróun á raunfærnimati. Síðast en ekki síst ber að nefna viðurkenningu stjórnvalda á kröfu verkalyðshreyfingarinnar um íslenskunám fyrir útlendinga.

Nú er komið að því að taka næstu skref í menntamálunum. Á málþingi ASÍ um menntamál í febrúar sl. voru dregin saman helstu verkefni í menntamálum á næstu misserum. Tvö stærstu verkefni sem við blasa eru:

Löggjöf um fullorðinsfræðslu

Að Ísland setji sér það markmið að ekki fleiri en 10% einstaklinga á vinnumarkaði verði án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsmenntunar eftir 10 ár. Með markvissri áætlun verði þessu marki náð. Löggjöf kveði á um rétt einstaklinga til að ljúka a.m.k. einu viðurkenndu námi á framhaldsskólastigi á kostnað ríkisins. Að einstaklingar hafi fjárhagslegar forsendur að sækja sér frekara nám, og kennslufræði fullorðinna og náms- og starfsráðgjöf verði eflað. Mikilvægt er að framlag ríkisins vegna kostnaðar við fullorðinsfræðslu verði skilgreint hvað varðar kennslukostnað, náms- og starfsráðgjöf og raunfærniáætlun og -mat.

Nýi framhaldsskólinn

Hitt stóra verkefnið er að tillögum Starfsnámsnefndar varðandi nám á framhaldsskólastigi verði hrundið í framkvæmd. Framhaldsskólanum verði breytt, þannig að verknám og bóknám verði metin að jöfnu. Framboð á námsleiðum á framhaldsskólastigi, einkum í verk- og starfsnámi, verði aukið. Ennfremur að dregið verði úr brottfalli nemenda á framhaldsskólastigi. Þegar verði hafinn undirbúningur að námi á fagháskólastigi fyrir þá nemendur sem lokið hafa verk- og starfsnámi á framhaldsskólastigi, sem vilja sækja sér frekari hagnýta tæknimenntun. Mikilvægt er að slíkt nám verði skipulagt í góðu samstarfi við endurmenntunarstofnanir á viðkomandi sviðum.




NÝTT OG ÖFLUGARA FYRIRKOMULAG VEIKINDARÉTTAR

Undanfarið ár hafa farið fram viðræður á milli fulltrúa Alþýðusambandsins og Samtaka atvinnulífsins um endurskoðun á veikindaréttinum og eflingu starfsendurhæfingar. Nú liggja fyrir mótaðar hugmyndir í öllum meginatriðum um það hvernig nýtt réttindakerfi gæti litið út og málið er komið á það stig að taka þarf afstöðu til þess hvernig haldið verður á í framhaldinu. Markmiðið með þessum breytingum er þrjúþætt:

Í fyrsta lagi er með tillögunum stefnt að því að afkoma launafólks sem lendir í áföllum vegna veikinda eða slysa verði bætt og treyst verulega frá því sem nú er, í allt að 5 ár. Um leið er lagt til að kerfið verði allt einfaldað og gert skilvirkara með það að markmiði að hægt sé að sækja allar upplýsingar og fá greiðslur á einum og sama staðnum, í stað þess flókna og ógagnsæa kerfis sem við búum við í dag.

Í annan stað er markmiðið að taka upp fyrirkomulag sem byggir á öflugri ráðgjöf og aðstoð við þá sem lenda í áföllum til að verða sem fyrst aftur virkir þátttakendur á vinnumarkaðinum. Þannig er markmiðið að auka lífsgæði þeirra sem tímabundið eða varanlega hafa skerta starfsgetu og bæta afkomumöguleika um leið og samfélagið allt fær að njóta krafta þeirra í ríkari mæli en nú er.

Síðast en ekki síst er nýju fyrirkomulagi ætlað að efla og styrkja starfsemi sjúkrasjóða stéttarfélaganna og treysta ímynd og vitund launafólks um mikilvægi stéttarfélaganna og starfsemi þeirra.



Gert er ráð fyrir að réttur til greiðslu fastra og reglubundinna launa frá atvinnurekanda verði í tvo mánuði eftir eins árs starf og að sá réttur verði að fullu færlegur milli atvinnurekanda við starfsskipti. Efir tveggja mánaða veikindi tæki við grunnréttur hjá Áfallatryggingarsjóði og viðbótarréttindi hjá sjúkrasjóði fyrir félagsmenn í stéttarfélagum. Þegar viðkomandi sækir um bætur tekur þjónustufulltrúi sjúkrasjóðsins við umsókninni og annast tengsl við sérfræðiteymi sem metur vinnugetu og aðstoðar við að finna endurhæfingarúrræði við hæfi.

Réttur til bóta hjá Áfallatryggingarsjóði miðist við greiðslu 60% af meðaltekjum viðkomandi í allt að 4 ár og 10 mánuði. Eftir 12 mánuði á viðkomandi rétt á lágmarksbótum sem taki mið af dagvinnulaunatryggingu skv. kjarasamningum.

Samhliða þessu fengju félagsmenn í sjúkrasjóðum viðbótarréttindi í formi 30% viðbótar fyrstu 10 mánuðina, 20% viðbót næstu 24 mánuðina og 10% 24 mánuðina þar á eftir.



SAMSTAÐA UM NÝTT TÆKIFÆRI TIL ATVINNUÞÁTTTÖKU

Nefnd forsætisráðherra um breytingar á örorkumati skilaði skýrslu í marsbyrjun en hún var skipuð fulltrúum ASÍ, opinberra starfsmanna, ÖBÍ, SA ásamt stjórnarsýslunnar. Breið samstaða náðist í nefndinni um grundvallarbreytingar á örorkumatinu eins og það er í dag. Í stað þess að einblína á örorkuna, verður lögð áhersla á að meta vinnugetu einstaklinga og tryggja þeim bætur út frá því umfangi sem þeir geta ekki verið þátttakendur á vinnumarkaði. Samstaða var um að leggja af tekjutengingar vegna atvinnutekna, en heimila þeim sem hafa skerta vinnugetu að afla tekna að því marki sem starfsgeta þeirra leyfir. Einnig var lögð áhersla á að auka vinnugetuna með aukinni áherslu á endurhæfingu sem fyrst eftir að viðkomandi verður fyrir skaða.

Meginmarkmið þessarar endurskoðunar á örorkumatinu og aukinnar áherslu á starfsendurhæfingu er að bæta hag þeirra einstaklinga sem búa við skerta vinnugetu vegna örorku og auka atvinnuþátttöku þeirra.

Í tillögum nefndarinnar er gert ráð fyrir að breyta skilgreiningunni á örorku og samræma hana milli almannatrygginga og lífeyrissjóða. Gerður verði greinarmunur á rétti einstaklinga til stoðþjónustu í formi læknisfræðilegs færnimats og þörf á líkamlegri endurhæfingu og að sá réttur verði óháður tekjum. Samhliða þessu verði tekið upp mat á vinnugetu byggt á úttekt teymis sérfræðinga, s.s. lækna, iðjupjálfa, félagsráðgjafa, sálfræðinga, náms- og starfsráðgjafa og annarra. Þetta mat verði grundvöllur að bótarétti, þannig að réttur til bóta verði það hlutfall sem á vantar 100% vinnugetu.

Miðað er við að aðstoða einstaklinga þannig að þjónustufulltrúi haldi utan um málið og verði tengiliður við matsteymið og endurhæfingaraðila. Gengið er út frá því að sjúkrasjóðir geti gegnt þessu hlutverki fyrir fólk í stéttarfélögum, en heilsugæslustöðvar eða þjónustuskrifstofur Vinnuálastofnunar fyrir fólk utan stéttarfélag, eða utan vinnumarkaðar.

Nefndin hvatti til þess að samningsaðilar á vinnumarkaði endurskoði ákvæði kjarasamninga þannig að hægt verði að hefja ferli endurhæfingar mun fyrr en nú gerist, með þríhliða samningi um bætur fyrir endurhæfingu og hlutastarf á meðan hjá atvinnurekanda.

Skipuð var sérstök framkvæmdanefnd um nauðsynlegar breytingar á lögum- og reglugerðum sem um þetta gilda og var hún skipuð fulltrúum sömu aðila.



AF ALÞJÓÐASTARFI VERKALÝÐSHREYFINGARINNAR

Ný alþjóðasamtök stofnuð

Þann 1. nóvember 2006 voru ný alþjóðasamtök verkalýðsfélaga stofnuð, þegar ICFTU og WCL sameinuðust í ný alþjóðleg verkalýðssamtök sem bera skammstöfunina ITUC. Samtökin telja um 166 milljónir launamanna sem tilheyra 309 stéttarfélagum í 156 löndum og svæðum. Grétar Þorsteinsson, forseti ASÍ og Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ, sátu stofnþingið fyrir hönd ASÍ.

Markmiðið með stofnun þessara samtaka er að efla samstöðu verkalýðshreyfingarinnar á alþjóðavettvangi. Samhliða þessari sameiningu var gert samkomulag við alþjóðleg atvinnu- og starfsgreinasambönd um náð samstarf í samskiptum verkalýðshreyfingarinnar við alþjóðastofnanir. Með þessum hætti verður málflutningur og áherslur launafólks samfelldari og skýrari.



Kona kosinn forseti ETUC í fyrsta sinn

ETUC, Evrópusamtök verkalýðsfélaga, héldu 11. þing sitt í Sevilla á Spáni í maí 2007 undir yfirskriftinni „Í sókn; fyrir félagslega Evrópu, samstöðu og sjálfbærni“. Við setningu þingsins fluttu gestir ávörp, þar á meðal José Manuel Barroso, forseti Framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, sem fjallaði um mikilvægt hlutverk evrópskrar verkalýðshreyfingar í þeim miklu breytingum sem Evrópa stendur frammi fyrir á tímum hnattvæðingar og aukinnar alþjóðlegrar samkeppni. Cándido Méndez Rodríguez, fráfarandi forseti ETUC, undirstrikaði í setningarræðu sinni að meginverkefni þingsins væri að snúa varnarbaráttu undanfarinna ára í nýja sókn fyrir félagslegri Evrópu, með samstöðu og sjálfbærni að vopni.

Á þinginu var Wanja Lundby-Wedin, forseti sænska alþýðusambandsins, kosin forseti ETUC til næstu fjögurra ára. Er þetta í fyrsta sinn að kona gegnir þessu embætti og undirstrikar aukna áherslu samtakanna á jafnréttismálin. John Monks var endurkjörinn sem framkvæmdastjóri ETUC fyrir næstu fjögur ár, ásamt öðrum lykilstarfsmönnum.



ÆÐSTA VALD MILLI ÁRSFUNDA - MIÐSTJÓRN ASÍ

Miðstjórnin er æðsta vald í málefnum Alþýðusambandsins á milli ársfunda ASÍ. Hlutverk miðstjórnar er að móta stefnu og félagspólitíska afstöðu Alþýðusambandsins í samræmi við lög þess og samþykktir ársfunda. Miðstjórn ber jafnframt ábyrgð á allri starfsemi ASÍ, stofnana þess og fyrirtækja á vegum þeirra. Miðstjórn er kosin til tveggja ára í senn, þannig að á ársfundi annað hvert ár er forseti kosinn sérstaklega og sex meðstjórnendur. Hitt árið er varaforseti kosinn sérstaklega og sjö meðstjórnendur. Við kosningu miðstjórnar er leitast við að kjósa fulltrúa ólíkra atvinnugreina og að hlutdeild karla og kvenna verði sem jöfnust.

Miðstjórn Alþýðusambands Íslands kemur að jafnaði saman tvisvar í mánuði fyrir utan sumarleyfistíma.

Á vegum miðstjórnar starfa margvíslegar nefndir sem hafa frumkvæði að málefnavinnu og vinna samkvæmt samþykktum miðstjórnar og ársfunda.

Nefndirnar eru:

- Alþjóðanefnd
- Atvinnumálanefnd
- Jafnréttis- og fjölskyldunefnd
- Menntanefnd
- Kjara- og skattanefnd
- Lífeyris- og trygginganefnd
- Skipulags- og starfsháttanefnd
- Velferðarnefnd
- Vinnurmarkaðsnefnd
- Laganefnd
- Launanefnd
- Starfs- og fjárhagsnefnd

Í miðstjórn ASÍ eru eftirtaldir:

Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ	Til ársfundar 2008
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir, varaforseti ASÍ	Til ársfundar 2007
Pétur Sigurðsson, Verkalýðsfélag Vestfjarða	Til ársfundar 2007
Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Efling Stéttarfélag	Til ársfundar 2007
Kristján Gunnarsson, VI. og sjóm.fél. Keflavíkur og nágr.	Til ársfundar 2007
Sævar Gunnarsson, Sjómannasamband Íslands	Til ársfundar 2007
Guðmundur Gunnarsson, Rafiðnaðarsamband Íslands	Til ársfundar 2007
Gunnar Páll Pálsson, VR	Til ársfundar 2007
Ragna Larsen, Bárán stéttarfélag (SGS)	Til ársfundar 2007
Björn Snæbjörnsson, Eining-Iðja (SGS)	Til ársfundar 2008
Finnbjörn A. Hermannsson, Trésmiðafél. Rvk (Samiðn)	Til ársfundar 2008
Örn Friðriksson, VM (Bein aðild)	Til ársfundar 2008
Sigurður Bessason, Efling – stéttarfélag (SGS)	Til ársfundar 2008
Úlfhildur Rögnvaldsdóttir, FVSA (LÍV)	Til ársfundar 2008
Stefanía Magnúsdóttir, VR (LÍV)	Til ársfundar 2008



SAMSTILLT ÁTAK GEGN SVIKASTARFSEMI

Eftir samráð við Alþýðusambandið og aðildarsamtök ákvað félagsmálaráðherra nú í september að efnt yrði til sérstaks átaks gegn brotastarfsemi fyrirtækja og félagslegum undirboðum með útlendinga. Jafnframt óskaði félagsmálaráðherra eftir þéttu og góðu samstarfi við Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess um undirbúning átaksins og þetta sameiginlega viðfangsefni stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar. Verkalýðshreyfingin fagnar þessum viðbrögðum ráðherra og yfirlýstum vilja til að taka á málinu af festu.

Af hálfu ASÍ og aðildarsamtaka þess hefur áfram verið unnið að því að aðstoða aðildarfélagin í baráttunni gegn undirboðum á vinnumarkaði og að upplýsa erlent launafólk um réttindi þess á íslenskum vinnumarkaði:

- Gefið hefur verið út sérstakt upplýsingarit um erlent launafólk á íslenskum vinnumarkaði þar sem fjallað er um atvinnuréttindi og starfskjör erlends launafólks og sérstakar skyldur atvinnurekenda gagnvart stjórnvöldum. Einnig eru ábendingar til stéttarféлага varðandi miðlun upplýsinga, eftirlit og eftirfylgni.
- Haldið hefur verið áfram útgáfu smáríts á 11 tungumálum um helstu réttindi og skyldur á vinnumarkaði.
- Í september gáfu ASÍ og SA út sameiginlega útdrátt úr kjarasamningum fyrir iðnaðarmenn og verkafólk á íslensku, pólsku, íslensku og pólsku (tvítyngdur) og ensku.
- ASÍ hefur látið gera auglýsingu/veggblað á ensku og pólsku þar sem vakin er athygli á réttindum launafólks og það hvatt til að leita sér upplýsinga.
- Á vef ASÍ hefur verið sett upp sérstök slóð þar sem tekið hefur verið saman efni á nokkrum tungumálum um útlendinga á vinnumarkaði, auk þess sem vísað er á tengla annarra aðila um sama efni.

Alþýðusambandið treystir á, að með samstilltu átaki stjórnvalda og verkalýðshreyfingarinnar náist að uppræta svikastarfsemi og undirboð á vinnumarkaði og mun fylgja því eftir í starfi sínu.

Skilaboð verkalýðshreyfingarinnar eru skýr. Við munum aldrei líða starfsemi svikafyrirtækja og misnotkun á erlendu launafólki. Hér eiga öll fyrirtæki að virða íslensk lög og kjarasamninga. Hér á allt launafólk að njóta þeirra kjara og réttinda sem gilda á íslenskum vinnumarkaði, erlent jafnt sem innlent.



VINNUMARKAÐURINN VARINN – RÉTTINDI TREYST

Málafni útlendinga á íslenskum vinnumarkaði eru viðvarandi verkefni á vettvangi ASÍ og aðildarsamtaka þess.

Útlendingum á íslenskum vinnumarkaði hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Er áætlað að erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði séu a.m.k. 17.000 talsins, eða um 10% af öllu starfandi fólki hér á landi. Hlutfall útlendinga á vinnumarkaði er nú umtalsvert hærra en á hinum Norðurlöndunum.

Samhliða fjölgun útlendinga hefur starfsemi svikafyrirtækja, innlendra og erlendra verið vaxandi vandamál á íslenskum vinnumarkaði. Þetta á sérstaklega við um erlendar og innlendar starfsmannaleigur og erlend fyrirtæki sem starfa hér á landi sem verktakar, einkum í bygginga- og mannvirkjagerð. Þessi fyrirtæki og fleiri misnota erlent verkafólk og stunda félagsleg undirboð með brotum á kjarasamningum og lögum, skattaundanskotum og annarri vafasamri eða beinlínis ólöglegri framkvæmd.


Starf verkalýðshreyfingarinnar hefur skilað mikilvægum árangri. Við höfum nú fengið laga- og regluramma sem er framsæknari en í flestum löndum Evrópu. Það er jafn ljóst að traustur lagarammi er ekki nóg. Reynslan kennir að það þarf líka að tryggja að eftirlit og eftirfylgni opinberra aðila sem eiga að sjá til þess að lögum sé framfylgt sé öflug og skilvirk. Í þessu ljósi hafa Alþýðusambandið og aðildarsamtök þess gert kröfu til þess að stjórnvöld og opinberar stofnanir axli sínar skyldur og herði tókin varðandi eftirlit og viðurlög ef um brotastarfsemi er að ræða.

NÝ ATVINNUSTEFNA SAMÞYKKT Í MIÐSTJÓRN ASÍ

Meginrammi samþættrar stefnu ASÍ í efnahgs-, atvinnu- og félagsmálum var samþykktur á ársfundi sambandsins árið 2004. Í framhaldi af því hefur Atvinnumálanefnd ASÍ unnið að því að útfæra nánar tillögur um atvinnumálabáttinn í hinni samþætту stefnu. Á fundum nefndarinnar á þessu ári var lögð lokahönd á mótun tillagna um endurnýjaða atvinnustefnu.

Stefnan var kynnt fyrir miðstjórn hinn 11. apríl sl. og fyrir þeim sem koma að atvinnumálum í verkalýðshreyfingunni á opnum „vorfundi“ hinn 7. maí. Hún var svo samþykkt í miðstjórn 16. maí, með fyrirvara um breytingar sem nefndinni var fallið að gera í kjölfar umræðna.

Atvinnustefnan er sett fram í fjórum meginliðum: Grunnstoðir atvinnulífsins, nýting og vernd náttúruauðlinda, sköpun þekkingar og mótvægisáðgerðir í tengslum við atvinnuþróun. Eitt meginsteifið í tillögunum er samhæfing mótvægisáðgerða (til að koma til móts við þá sem verða fyrir áföllum vegna atvinnuþróunar) og skýrrar heildarsýnar í byggða- og atvinnumálum (til að tryggja eðlilegar framfarir).



ÖFLUGRI TRÚNAÐARMANNAFRÆÐSLA

Meginmarkmið Félagsmálaskóla alþýðu er öflug félagsmálafræðsla og menntun til að þekking og hæfni forystumanna og annarra talsmanna verkalýðshreyfingarinnar sé sem best á hverjum tíma. Trúnaðarmannafræðslan er einn af lykilþáttum í starfi Félagsmálaskóla alþýðu. Síðastliðið ár hefur trúnaðarmannafræðslan verið í gagngerrí endurskoðun, enda mikilvægt að hún taki breytingum og þróist í samræmi við tíðaranda og áherslur í starfi verkalýðshreyfingarinnar hverju sinni.

Á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar hefur rík áhersla verið lögð á að efla samstarf samtaka launafólks, atvinnurekenda, fræðslustofnana og stjórnvalda við uppbyggingu og þróun símenntunar. Mikilvægt er að því starfi verði haldið áfram og það eflt enn frekar. Nú er verið að vinna að námsskrá fyrir trúnaðarmannanámskeiðin hjá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins. Er það liður í að fá námskeiðin metin til eininga á framhaldsskólastigi sem eykur verðmæti námsins og væntanlega eftirspurn.

Með lögum um upplýsingar og samráð í fyrirtækjum sem samþykkt voru á alþingi í desember 2006, er gert ráð fyrir því að trúnaðarmönnum stéttarfélaganna verði fengin ný verkefni sem að mörgu leyti eru frábrugðin þeim verkefnum sem þeir nú sinna samkvæmt kjarasamningum. Það er mikilvægur þáttur í góðri innleiðingu þessara laga á íslenskum vinnumarkaði að trúnaðarmönnum verði sköpuð góð skilyrði til að takast á við þetta nýja verkefni.

Samþykkt áður nefndra laga og breytingar á vinnumarkaði kalla á að lögð verði aukin áhersla á störf trúnaðarmannsins og staða hans styrkt innan vinnustaðarins, gagnvart vinnufélögum og atvinnurekanda. Nauðsynlegt er að efla þekkingu og hæfni forystumanna og starfsmanna innan verkalýðshreyfingarinnar, til að tryggja áhrif hennar í samfélaginu. Aukin fræðsla trúnaðarmanna gegnir þar lykilhlutverki.



KRÖFTUGT VERÐLAGSEFTIRLIT SKIPTIR MÁLI

Í október 2006 kynnti ríkisstjórnin aðgerðir sínar til lækkunar á matvöruverði til neytenda. Henni var ætlað að færa verðlag hér á landi nær því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Helstu þættir aðgerðanna fólu í sér lækkun virðisaukaskatts á matvöru í 7%, afnám vörugjalda á öllum matvörum nema sykri og sætindum, auk tollalækkana og samninga um tollkvóta á landbúnaðarvörum frá ESB.

Verðlagseftirlit ASÍ hóf þegar undirbúning að eftirliti með framkvæmd breytinganna í matvöruverslunum, en einnig óskaði iðnaðar- og viðskiptaráðherra eftir því að gera þjónustusamning við ASÍ um náðið eftirlit með verðlagi í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2006 og fram undir sumar 2007.

Verðlagseftirlitið skipulagði viðamikil eftirlit í samstarfi við aðildarfélag ASÍ um land allt og voru verðmælingar gerðar í um 90 matvöruverslunum á öllu landinu í vikutíma í senn, í desember 2006, janúar, febrúar, mars og maí 2007. Mæld voru verð á allt að 800 vörutegundum í hverri verslun. Helstu niðurstöður voru eftirfarandi:

- Matvöruverð lækkaði almennt um 6-8% í byrjun mars, þegar lækkun virðisaukaskatts kom til framkvæmda og var það í ágætu samræmi við væntingar.
- Við verðmælingu í maí kom í ljós að hvorki lækkun vörugjalda né mikil styrking krónunnar höfðu skilað sér til neytenda.
- Þegar heildarverðbreyting í matvöruverslunum á tímabilinu frá desember 2006 og fram í maí 2007 var skoðuð, kom í ljós að verð lækkaði í flestum verslunum um 4,5%-6,5%. Þessi niðurstaða var vonbrigði, þar sem Hagstofan hafði áætlað að aðgerðir ríkisstjórnarinnar ættu að skila neytendum 8,7%, auk þess sem gengi íslensku krónunnar styrktist á tímabilinu, sem hefði átt að leiða til lækkunar á verðlagi.
- Niðurstöður verðlagseftirlitsins á tímabilinu voru í ágætu samræmi við mælingu Hagstofunnar á vísitölu neysluverðs. Samkvæmt vísitölunni lækkaði verð á mat- og drykkjarvörum um 7,4% milli febrúar og marsmánaðar, en hefur hækkað á tímabilinu frá mars og fram í júlí um 0,3%. Í heildina lækkaði matar- og drykkjarliður vísitölunnar um 5,1% á tímabilinu frá desember 2006 til júlí 2007.

